

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 14. júlí 2015
UST201506-042/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis og frístundabyggðar í landi Voga I í Skútustaðahreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 4. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis og frístundabyggðar í landi Voga I í Skútustaðahreppi.

Skipulagssvæðið er um 16 ha að flatarmáli og nær yfir býlið Voga I og inn á hraunið austan Þjóðvegur, þar sem hraunsvæðið er að hluta til innan við 200 metra frá Mývatni og er því á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Í lýsingu kemur fram að á ofangreindu hraunsvæði er áætlað að fjölga gistihúsum og taka svæði undir frístundabyggð. Í lýsingu kemur ekki fram hvert er byggingarmagn þeirra gistihúsa sem áætluð eru austan Þjóðvegur. Í lýsingu kemur ekki fram fjöldi þeirra frístundahúsa sem áætlaður er á grófu birkivöxnu hrauni austan Þjóðvegur.

Staðhættir

Í lýsingu segir að Mývatnssveitarvegur liggir í gegnum skipulagssvæðið. Einnig kemur fram að vestan hans og vatnsmegin er landbúnaðarland með útihúsum, veitingastað og íbúðarhúsi. Í lýsingu kemur fram að austan megin vegarins er úfið hraun vaxið birkikjarri.

Lög um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004 og reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu nr. 665/2012


Hluti ofangreinds skipulagstillögusvæðis er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, þ.e. innan 200 metra frá Mývatni. Í 17. gr reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár nr. 665/2012 segir: „*Sumarbústaðir, önnur frístundahús og hvers konar mannvirki sem þeim fylgja eru óheimil á verndarsvæðinu.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er þar af leiðandi ekki gert ráð fyrir að frístundabyggð innan verndarsvæðisins


verði ekki skipulögð á svæðum þar sem eru náttúruminjar er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, eða á svæðum þar sem eru náttúruminjar á náttúruminjaskrá.

Í lýsingu segir eftirfarandi í umfjöllun um áætlaða frístundabyggð í grófu hrauni : „Þeir landnotkunarreitir sem hér um ræðir og eru á eldhrauni eru skilgreindir í staðfestu aðalskipulagi sem gert var í samráði við Umhverfisstofnun.“ Umhverfisstofnun bendir á að umsögn var veitt þann 7. desember 2012 sjá ofangreint. Að mati Umhverfisstofnunar ætti fremur að segja í lýsingu að stofnunin hafi veitt umsögn um gildandi aðalskipulag er það var í vinnslu frekar en að segja að staðfest aðalskipulag hafi verið gert í samráði við stofnunina er landnotkunarreitir fyrir frístundabyggð voru skilgreindir í tillögu að aðalskipulagi, enda var ekki tekið tillit til umsagnar stofnunarinnar þar sem bent var á mikilvægi þess að frístundabyggð væri ekki skipulögð á náttúruminjasvæðum, við gerð aðalskipulagsins.

Umhverfisstofnun minnir á að fyrir framkvæmdir innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri